



# Ársfundur 2024

Hilton Reykjavík Nordica 4. apríl



# Ársfundur 2024

fimmtudaginn 4. apríl

## FIMMVÖRÐUHÁLS

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, **fimmtudaginn 4. apríl 2024 kl. 17:15.**

### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur stjórnar og sjóðfélaga um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs.
6. Kosning í endurskoðunarnefnd.
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um laun stjórnar.
9. Önnur mál.

### Rafrænt stjórnarkjör

Rafrænt stjórnarkjör fer fram frá kl. 12:00 þann 25. mars til kl. 16:00 þann 3. apríl 2024. Kosið verður um tvö laus sæti til aðalmanns sem skulu að þessu sinni bæði skipuð konu. Auk þess er kosið um laust sæti varamanns sem getur verið skipað konu eða karli.

Upplýsingar um frambjóðendur og leiðbeiningar um fyrirkomulag kosninga er að finna á [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

Frambjóðendur til aðalstjórnar eru: Arna Guðmundsdóttir, Elva Ósk S. Wíium og Heiða Óskarsdóttir. Frambjóðendur til varastjórnar eru: Elva Ósk S. Wíium, Gunnar Hörður Sæmundsson, Hans Grétar Kristjánsson, Heiða Óskarsdóttir, Kristján Þórarinn Davíðsson og Kristófer Már Maronsson.

Ársreikningur, tillögur um breytingar á samþykktum og nánari upplýsingar um ársfundinn eru á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

Nánar á:  
[www.almenni.is](http://www.almenni.is)

**ALMENNI**  
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

# Dagskrá




1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi  
Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
5. Kosning í endurskoðunarnefnd
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
7. Ákvörðun um laun stjórnar
8. Önnur mál




# Skýrsla stjórnar

## Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar




# Árið 2023



Almenni birti  
frétt um  
ávöxtun 2023  
þann 12.  
janúar sl.

# Val um ávöxtun



6

ávöxtunarleiðir  
í boði fyrir séreign

# Sveigjanleiki um töku lífeyris/úttekt




Aldur	60 ára	65 ára	70 ára	75 ára	80 ára	85 ára	90 ára	Til æviloka
-------	--------	--------	--------	--------	--------	--------	--------	-------------

## Samtrygging



Lífeyrir frá 60/80 ára til æviloka

## Séreign



Inneign laus frá 60 ára aldri,  
úttekt eftir vali sjóðfélaga

Eftirlaun eins  
og henta  
hverjum og  
einum



# Upplýsingar um mikilvæga hagsmuni



**Sjóðfélagavefur**

Inneign, réttindi,  
hreyfingar

**almenni.is**

Fréttir, fræðsla,  
ávöxtunarleiðir,  
eignasamsetning,  
ávöxtun

Markmiðið að  
sjóðfélagar geti  
tekið upplýsta  
ákvörðun

# Þjónusta við sjóðfélaga



Getum við aðstoðað?

SENDU OKKUR TÖLVUPÓST



almenni@almenni.is

SPJALLAÐU VIÐ OKKUR



Netspjall

HRINGDU TIL OKKAR



510 2500

PANTAÐU FUND



Panta fund með ráðgjafa

KOMDU Á STAÐINN



Dalvegí 30, 201 Kópavogi

Viljum veita  
góða þjónustu  
og faglega  
ráðgjöf

# Önnur mikilvæg atriði



## Niðurstaða héraðsdóms vegna samþykktabreytinga

Dómurinn dæmir ógilt ákvæði sem varðar umreikning áunninna lífeyrisréttinda vegna spár um hækkandi lífaldur.

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## | Úrvinnsla og uppgjör eigna og skulda ÍL-sjóðs

### Nýjar sjálfbærnireglugerðir

Eu Taxonomy, CSRD og SFDR

Nýjar evrópskar reglugerðir tóku gildi 1. júní 2023 hér á landi og munu hafa þýðingarmikil áhrif á íslenskt efnahagslíf.



# Ársreikningur 2023





# HEILINDI FRAMSÆKNI FAGMENNSKA

Ársskýrsla 2023



ALMENNI  
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársskýrsla á  
rafrænu formi  
er á heimasíðu



## Starfsemi og rekstur

Starfsemi Almenna	4
Aðgengilegur og upplýsandi vefur	5
Yfirsýn á augabragði á sjóðfélagavef	6
Árið í máli og myndum	7
Stjórn og endurskoðunarnefnd	8
Starfsfólk og skrifstofa	9
Tryggingafræðileg staða	10
Hagstæð lífeyrisréttindi	11
Rekstrarkostnaður	12
Lán til sjóðfélaga	13
Lífeyrisgreiðslur	14

## Ávöxtun og fjárfestingar

Ávöxtunarleiðir	16
Ávöxtun 2023	17
Fjárfestingarumhverfið 2023	18
Fjárfestingarstefna	19
Sjálfbærni í fjárfestingum	20
Eignasamsetning	21
Skuldabréf	22
Innlend hlutabréf	23
Dreifing eignasafn á litlum markaði	24
Erlendar eignir	25
Erlend hlutabréf	26
Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	27
Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	28

## Ársreikningur

Skýrsla stjórnar	30
Áritun óháðs endurskoðanda	34
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	37
Efnahagsreikningur	38
Sjóðstreymisyfirlit	39
Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs	40
Efnisyfirlit skýringa	47
–Áhættustýring og umfang áhættu	68
– Kennitölur	74
Selected Financial Information	84

## Fylgiskjöl

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2024	99
Útdráttur úr áhættustefnu 2024	102
Stjórnarháttayfirlýsing 2024	103

## Flýtihnappar:

- Fara í efnisyfirlit:
- Fara á fyrri síðu:
- Fara á næstu síðu:

Mikið af  
upplýsingum,  
samtals 109  
blaðsíður



# Skýringar við ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins 2023

## Reikningsskilaaðferðir

Upplýsingar um sjóðinn	49
Grundvöllur reikningsskilanna	49
Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða	49
Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	49
Erlendir gjaldmiðlar	49
Iðgjöld	49
Lífeyrir	49
Hreinar fjárfestingartekjur	49
Fjárfestingargjöld	49
Fjárfestingar	49

## Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Eignamat verðbréfa	50
Skuldbindingar utan efnahags	50
HFF	50

## Skýringar við rekstrarreikning

Iðgjöld	51
Lífeyrir	51
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	52
Hreinar tekjur af skuldabréfum	53
Fjárfestingargjöld	54
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	56
Laun og laungatengd gjöld	56
Laun stjórnarmanna, endurskoðunarnefndar og lykilstjórnenda	56
Þóknun til endurskoðenda	56
Þóknun til tryggingastærðfræðings	56

## Skýringar við efnahagsreikning

Eignarhlutir í félögum og sjóðum	57
Hlutabréf	58
Hlutdeildarskírteini og hlutir í verðbréfasjóðum	60
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	61
Skuldabréf	63
Veðskuldabréf	63
Niðurfærsla verðbréfa	63
Fjárfestingar eftir gjaldmiðlum	64
Þrepaskipting gangvirdis	65
Flokkun fjáreigna og fjárskulda	66
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	66
Aðrar skuldir	66
Tryggingafræðileg staða	67

## Áhættustýring og umfang áhættu

Greining áhættuþátta og áhættustýring	68
Eftirlit og stýring fjárhagslegrar áhættu	68
Eftirlit og stýring mótaðilaáhættu	71
Eftirlit og stýring útlánaáhættu	71
Eftirlit og stýring lausafjáraáhættu	72
Eftirlit og stýring skuldbindinga-áhættu	73
Eftirlit og stýring rekstraráhættu	73
Kennitölur	74

Ítarlegar  
skýringar



# Ársreikningur

## Almenna lífeyrissjóðsins 2023

Ársreikningur  
á bls. 29



# Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrisjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að fráreginni virðisrýnun.

## Eignir og fjöldi sjóðfélaga

Í árslok 2023 nam hrein eign til greiðslu lífeyris 415 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 50 milljarða eða um 13,6% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 60.141 og fjölgaði þeim um 5,7% milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris í séreignarsjóði var 220 milljarðar og í samtryggingarsjóði 195 milljarðar.

## Iðgjöld

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2023 voru samtals 23,2 milljarðar sem er 14,8% hækkun frá árinu áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksiðgjöld voru 17,7 milljarðar og viðbótariðgjöld 5,5 milljarðar. Á árinu greiddu 11.200 sjóðfélagar að meðaltali til samtryggingarsjóðs á móti 10.462 árið áður sem er 7,1% fjölgun milli ára. Iðgjöld í samtryggingarsjóð námu alls 10 milljörðum sem er 18,8% hækkun milli ára. Á árinu greiddi 6.951 sjóðfélagi að meðaltali viðbótarsparnað til séreignarsjóðs á móti 6.819 árið áður sem er 1,9% aukning milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 13,2 milljarðar sem er 12% hækkun frá árinu áður.

## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 4,6 milljarðar árið 2023 sem er 26% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 3.132. Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 7 milljörðum sem er 21% hækkun frá árinu áður. Á árinu voru greiddar 10,8 milljónir í aukagreiðslu vegna tímabundinnar opunar séreignarsparnaðar vegna heimsfaraldurs til 7 sjóðfélaga, 1,3 milljarður inn á húsnæðislán til 3.106 sjóðfélaga og 61,2 milljónir vegna kaupa á fyrstu íbúð

fyrir 69 sjóðfélaga samkvæmt úrræði ríkisstjórnarinnar sem heimilar sjóðfélögum að greiða tímabundið inn á höfuðstól húsnæðislána og verja uppsöfnuðu iðgjaldi til kaupa á fyrstu íbúð á tíu ára tímabili.

## Sjóðfélagalán

Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 9,7 milljarða með veði í fasteignum árið 2023, en árið á undan voru veitt ný lán fyrir 14,3 milljarða. Á árinu voru greidd upp eldri lán fyrir 2,2 milljarða þannig að nettó lánveitingar námu 7,5 milljörðum en árið á undan nam uppgreiðsla eldri lána 5,9 milljörðum og nettó lánveitingar voru 8,4 milljarðar.

## Verðbræfaeign og ávöxtun

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 61,7 milljarða á árinu 2023 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum.

Þrátt fyrir miklar sveiflur á verðbræfamörkuðum innanlands og erlendis skiluðu blönduð verðbræfasöfn Almenna lífeyrissjóðsins jákvæðri raunávöxtun á árinu 2023. Allar sjö ávöxtunarleiðir sjóðsins voru með jákvæða nafnávöxtun á bilinu 7,4% til 11,4%. Fimm ávöxtunarleiðir skiluðu jákvæðri raunávöxtun sem verður að teljast varnarsigur í hárrí verðbólgu sem var 8% á árinu 2023. Ævisafn I hækkandi mest eða um 11,4% sem jafngildir 3,2% raunávöxtun.

## Laun og fjöldi stöðugilda

Laun og launatengd gjöld starfsmanna, stjórnar, kjörnefndar og endurskoðunarnefndar námu 454 milljónum á árinu. Lækkun orlofsskuldbindingar milli ára nam 29 milljónum. Stöðugildi voru 23 í lok árs.

## Tryggingafræðileg staða

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóðs eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

1. Áunnin staða. Núverandi eignir eru bornar saman við

skuldbindingar vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.

2. Framtíðarstaða. Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
3. Heildarstaða, samanburður á heildareignum og heildarskuldbindingum. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda. Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við mat á skuldbindingum samtryggingarsjóðs.

1. Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
2. Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu þjóðarinnar 2014–2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir lækkandi dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021. Sérhæfðar dánarlíkur fyrir sjóðfélaga eru um 80% af almennum dánarlíkum.
3. Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014.
4. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur reiknað líftöflur sem byggja á reynslu Íslendinga árin 2018–2022. Á síðustu árum hafa tryggingastærðfræðingar stuðst við viðmiðunartímabilið 2014–2018, ásamt spá FÍT um lækkandi dánartíðni til framtíðar, við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða. Sökum áhrifa kórónuveirufaraldursins á lífslíkur árána 2018–2022 hefur FÍT ákveðið að uppfæra ekki spá sína frá 2021 um lækkandi dánartíðni til framtíðar að

Skýrsla stjórnar  
á bls. 29-34

# Áritun óháðs endurskoðanda á bls. 35-37



Til stjórnar og sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Almenna lífeyrissjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Almenna lífeyrissjóðnum óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að

okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

### • Mat á óskráðum fjárfestingum og skuldabréfum með stopul viðskipti

Verðmæti óskráðra fjárfestinga og skráðra fjárfestinga með stopul viðskipti nam 87.483 m.kr. eða um 21% af heildareignum þann 31. desember 2023 (92.204 m.kr. þann 31. desember 2022). Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirðisþrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi.

Á meðal ofangreindra fjárfestinga eru óskráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, framtakssjóðir (sjóðir um sameiginlega fjárfestingu), óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf með stopul viðskipti. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru

- Mat á ávöxtunarkröfu óskráðra hlutabréfa
- Mat á framtíðargreiðslufæði
- Mat á hvort markaðskrafa sé viðeigandi
- Mat á grunnkröfu skuldabréfa
- Mat á skuldaálagi skuldabréfa

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum og skuldabréfum með stopul viðskipti vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

### ► Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Ferli við fjárfestingar og mat var yfirfarið.
- Eftirlitsaðgerðir við mat á skuldabréfum voru prófaðar.

- Fyrir áhættumiðað úrtak var lagt mat á aðferðafræði og forsendur óskráðra hlutabréfa, hlutdeildarskírteina og framtakssjóða og kallað var eftir stuðningsgögnum að baki verðmati og tilvist viðmiðunarviðskipta staðfest.
- Fyrir áhættumiðað úrtak skuldabréfa var lagt mat á aðferðafræði og forsendur eins og grunnkröfur, skuldaálag og mótaðilaáhættu
- Farið var yfir flokkun óskráðra fjárfestinga í þrepaskiptingu gangvirðis.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar í skýringum 10, 11, 13 og 24–33.

### • Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 363.162 m.kr. þann 31. desember 2023 (317.428 þann 31. desember 2022). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2023 nam -4,5% þar sem skuldbindingar voru umfram eignir í árslok (-4,7% í árslok 2022). Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfandi hjá sjóðnum. Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á sértækum líflíkum
- Mat á sértækum örorkulíkum
- Sértækir útreikningar

Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyrisskuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

### ► Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði, með aðstoð innri tryggingastærðfræðings Deloitte eftir atvikum:

- Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.
- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.

## Álit Grundvöllur og megin- áherslur



- Framkvæmdar voru aðgerðir með úrtökum til að sannreyna inntaksgögn og útreikninga.
- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.
- Yfirfarnar voru næmnigreiningar með því að skoða áhrif breytinga á lykilmóðum í líkaninu.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar yfirlit um tryggingafræðilega stöðu ásamt skýringum 37 og 43.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Almenna lífeyrissjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum

sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Ernst & Young ehf. var upphaflega kosið sem endurskoðandi Almenna lífeyrissjóðsins, fyrir árið 2017, á ársfundi sjóðsins þann 7. apríl 2016 og var endurkjörð á hverju ári síðan. Við sameiningu Deloitte ehf. og Ernst & Young ehf. í desember 2023 tók Deloitte við sem endurskoðandi sjóðsins.



Kópavogi, 19. mars 2024

Deloitte ehf.

---

Geir Steindórsson  
löggiltur endurskoðandi

Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.




# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Iðgjöld:</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga		7.741.762	6.817.618
Iðgjöld launagreiðenda		15.438.498	13.371.689
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		( 112.201)	( 101.698)
		23.068.058	20.087.609
Sérstök aukaframlög		40.915	32.460
	6,14	23.108.973	20.120.069
<b>Lífeyrir:</b>			
Heildarfjárhæð lífeyris		11.642.324	9.471.637
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		118.967	87.038
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.946	3.290
	7,15	11.764.237	9.561.966
<b>Hreinar fjárfestingartekjur:</b>			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	8,16	24.757.237	( 14.743.636)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8,17	10.930.129	320.234
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		3.083.882	3.003.537
Vaxtatekjur af handbæru fé		356.152	263.271
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		37.908	25.907
Fjárfestingargjöld	9,18	( 21.018)	( 24.607)
		39.144.290	( 11.155.294)
<b>Rekstrarkostnaður:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	19-23	894.634	853.018
<b>Aðrar tekjur</b>			
		7.781	8.672
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>		49.602.174	( 1.441.536)
Hrein eign frá fyrra ári		365.572.864	367.014.401
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>		415.175.038	365.572.864

Breyting  
á árinu

# Eignir aukast milli ára






# Efnahagsreikningur 31.12.2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Fjárfestingar:</b>			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	24–27	222.872.221	184.942.916
Skuldabréf	28–30	147.005.922	138.616.159
Bundnar bankainnstæður		36.386.393	34.271.246
Aðrar fjárfestingar		1.800	1.800
		<u>406.266.335</u>	<u>357.832.121</u>
<b>Kröfur:</b>			
Kröfur á launagreiðendur		850.000	700.000
Aðrar kröfur	34	767.006	25.430
		<u>1.617.006</u>	<u>725.430</u>
Handbært fé		7.725.109	7.466.398
<b>Eignir samtals</b>		<u>415.608.451</u>	<u>366.023.949</u>
<b>Skuldir:</b>			
Áfallinn kostnaður og fyrirframminnheimtar tekjur	35	392.151	409.911
Aðrar skuldir	36	41.262	41.174
<b>Skuldir samtals</b>		<u>433.413</u>	<u>451.085</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>		<u>415.175.038</u>	<u>365.572.864</u>
<b>Skuldbindingar utan efnahags</b>	12	24.975.403	20.924.845

Eignir og skuldir  
í lok árs

# Sjóðir og ávöxtunarleiðir




Sjóður / ávöxtuna	2022	2023	Vægi	Breyting í %
<b>Séreignarsjóður</b>	<b>193.931</b>	<b>220.130</b>	53,0%	<b>14%</b>
Ævisafn I	42.412	50.185	12,1%	18%
Ævisafn II	81.150	89.600	21,6%	10%
Ævisafn III	37.571	44.497	10,7%	18%
Innlánasafn	30.796	33.596	8,1%	9%
Ríkissafn langt	1.313	1.360	0,3%	4%
Húsnæðissafn	689	891	0,2%	29%
<b>Samtr.sjóður</b>	<b>171.642</b>	<b>195.045</b>	47,0%	<b>14%</b>
<b>Sjóður í heild</b>	<b>365.573</b>	<b>415.175</b>		<b>14%</b>




# Iðgjöld jukust um 15%


Greidd iðgjöld voru 23 milljarðar




## Skipting iðgjalda í séreignarsjóð




## Greidd iðgjöld og Ævileiðin




# Lífeyrir ↑26%, úttektir ↑21%



Tegundir séreignargreiðslna 2023




Tegundir lífeyris úr samtryggingu 2023



# Hagstæður samanburður



Nafnávöxtun á ári, %



■ ÆI ■ ÆII ■ A1 ■ A2 ■ B1 ■ B2 ■ C1 ■ C2



Samkeppni

Upplýsingar af  
[www.keldan.is](http://www.keldan.is)


Markviss stefna og  
góð áhættudreifing  
skila árangri

Upplýsingar miðað við  
31.12.2023. Við  
samanburð þarf alltaf  
að líta til eigna



# 10 ára samanburður

Inneign, 100 krónur eftir 10 ár




Á löngum tíma  
munar um hvert  
prósentustig í  
ávöxtun



# Tryggingafræðileg úttekt



# Tryggingafræðileg úttekt



Tryggingafræðileg  
úttekt er unnin af  
Talnakönnun

# Hvað er verið að reikna?

Mat á eignum og áætluðum skuldbindingum



## Gögn

- Eignir
- Skuldbindingar. Uppl. úr lífeyriskerfi
  - Iðgjöld
  - Uppsöfnuð réttindi
  - Lífeyrisgreiðslur


## Forsendur

- Árleg raunávöxtun 3,5%
- Dánartöflur eru m.v. spá FÍT um um lækkandi dánartíðni til framtíðar með 20% frádragi
- Sérhæfðar örorkulíkur sjóðfélaga 2014 - 2018
- Íslenskar barnseigna- og hjúskaparlíkur



# Tryggingafræðileg staða 31.12.2023

Staðan í % af skuldbindingum



Tryggingafræðileg staða breyttist lítið á árinu 2023

Raunávöxtun samtryggingarsjóðs m.v. eignamat í úttekt var 3,6% eða svipað og núvirðingarkrafa skuldbindinga




# Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs 31.12.2023




## Milljarðar króna

Eignir	Áfallin staða	Framtíðar- staða	Heildar- staða
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	195	0	195
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa .	1	0	1
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	151	151
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>196</b>	<b>151</b>	<b>347</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir .....	189	134	323
Örokulífeyrir .....	8	7	15
Makalífeyrir .....	11	2	14
Barnalífeyrir .....	0	1	2
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....	4	6	11
<b>Skuldbindingar samtals .....</b>	<b>213</b>	<b>151</b>	<b>363</b>
<b>Eignir umfram skuldbindingar .....</b>	<b>-16</b>	<b>0</b>	<b>-16</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok .....</b>	<b>-7,7%</b>	<b>0,2%</b>	<b>-4,5%</b>




# Þróun áfallinnar skuldbindingar 2023






# Tryggingafræðileg staða 31.12.2023

## Staðan í % af skuldbindingum



## Ákvæði í lögum um heildarstöðu






# Óvissa um aldursháða aðlögun frá 2022

- Aldursháð aðlögun hjá LV var dæmd ólögleg í Héraðsdómi
- Dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar
  
- Almenni fór svipaða leið og LV
- Verði aðlögun dæmd ólögleg mun Almenni aðlaga mótvægisaðgerðir að niðurstöðu dómstóla



# Hvað er aldursháð aðlögun?

Sjóður: 10 milljónir á sjóðfélaga  
Greiðslutími lífeyris: 15 ár  
Mánaðarlegur lífeyrir: 71.219 kr.




Með nýjum líftöflum er reiknað með lengri lífaldri og að yngri árgangar lifi lengur en eldri.

Eignir til greiðslu lífeyris eru óbreyttar en greiðslutími lífeyris er lengri. Dæmi sýnir lengingu um 1 til 6 ár


Með aldurháðri aðlögun var áætlaður lífeyrir aðlagaður að lengri greiðslutíma lífeyris sem er mismunandi eftir aldri

Jöfn aðlögun hefði þýtt sama breyting fyrir alla aldurshópa

# Staðan án aldursháðrar aðlögunar




## Ákvæði í lögum um heildarstöðu





# Kynning á fjárfestingarstefnu 2024

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri



# Fjárfestingarstefna 2024



## Efnisyfirlit

- I. Um Almenna lífeyrissjóðinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2024
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Reglur um lán til sjóðfélaga

Fylgiskjal 4: Útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu

## Helstu breytingar

Ævisöfn og samtryggingarsjóður

- Heimild til fjárfestinga í breytanlegum skuldabréfum fyrirtækja að uppfylltum ákveðnum skilyrðum
- Heimild til fjárfestinga í víkjandi skuldabréfum banka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum
- Skilyrði um fjárfestingar í skuldabréfum sveitarfélaga skýrð nánar
- Hámarksvægi fjármálagerna útgefnum af Reykjavíkurborg og Lánasjóði sveitarfélaga lækkað í 5% til samræmis við aðra útgefendur
- Hámarksvægi skráðra útgefenda fasteignastýggðra skuldabréfa hækkað í 7,5% úr 5% vegna aðstæðna á markaði.
- Tiltölulegar litlar breytingar gerðar að öðru leyti á fjárfestingarstefnu ávöxtunarleiða



# Samtryggingarsjóður




Fjárfestingarstefna

Samtryggingarsjóður

Skuldabréf/hlutabréf




Sveiflur




\* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

# Séreign, blönduð söfn



\* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra


# Séreign, innlán og skuldabréf



# Árið 2023: Erlend hlutabréf hækka mest





YTD (31.des'22 - 31.des'23)



# Árið 2023: Jákvæð raunávöxtun í hárrí verðbólgu




Langtímaávöxtun blandaðra safna góð



# Þróun á mörkuðum síðastliðin 5 ár




## 5 ár (meðaltal)




# Innlend skuldabréf um 149 milljarðar

## Góður kjarni í eignasöfnum




Markaðsskuldabréf um 98 ma.kr.



Heildarsafn um 149 ma.kr.

# Innlend hlutabréf um 47 milljarðar

Vel dreift eignasafn á bæði fyrirtæki og atvinnugreinar








Fjárfest í um 84 íslenskum fyrirtækjum





# Erlendar eignir um 174 milljarðar



Mikill vöxtur erlendra eigna síðustu ár



Dökki hlutinn sýnir hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum

# Erlend hlutabréf

Um 5000 fyrirtæki í yfir 50 löndum



# Ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna



- Sambætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferli
  - Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna eru hluti af fjárfestingarferli sjóðsins
  - Stefnur styðja við markmið um sjálfbærni og mæla fyrir um umgjörð virks eignarhalds hjá sjóðnum
  - Í samræmi við reglugerðir sem tóku gildi árið 2023
    - Reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR)
    - Flokkunarreglugerð með samræmdum skilgreiningum á hvað telst umhverfislega sjálfbær starfssemi fyrirtækja (EU Taxonomy)
  - Fleiri reglugerðir á leiðinni, tilgangur er m.a. að samræma upplýsingagjöf, sporna við grænþvotti og greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu
- Umhverfisáhrif fjárfestinga
  - Unnið að því að greina umhverfisáhrif fjárfestinga
  - Áhersla á að gefa heildstæða mynd af eignasafni sjóðsins
  - Áreiðanleg og viðeigandi gögn, í samræmi við þróun á sviði sjálfbærnilöggjafar
- Styður við markmið um góða langtímaávöxtun
  - Áherslur á sjálfbærni og samfélagsábyrgð hjá fyrirtækjum fari saman við markmið sjóðsins um góða langtímaávöxtun



# Fjárfestingarumhverfið

RÍKI verðtryggð  
2,4% til 3,3%  
(1,9% til 2,9% (2023))

RÍKI óverðtryggð  
6,4% til 9,9%  
(6,1% til 8,26% (2023))

USA 10 ára RÍKI  
4,4%  
(3,6% (2023))

Ísland  
V/H 26,2  
(23,5 (2023))

Sértryggð verðtryggð  
3,4% til 4,1%  
(1,2% til 2,6% (2023))

Sértryggð  
óverðtryggð  
8,1% til 10%  
(8,2% til 8,8% (2023))

DE 10 ára RÍKI  
2,4%  
(2,4% (2023))


USA  
V/H 23  
(21 (2023))

# Yfirlit markaða

## Ávöxtun frá áramótum



YTD (31.des'23 - 26.mar'24)



# Ávöxtun frá áramótum



Skoða gengi fyrir: 04.04.2024



SÆKJA



Lengd tímabila:

FRÁ ÁRAMÓTUM

1 ÁR

3 ÁR

5 ÁR

10 ÁR

[Samtryggingarsjóður](#)

4,2%

[Ævisafn I](#)

4,6%

[Ævisafn II](#)

4,2%

[Ævisafn III](#)

3,4%

[Ríkissafn](#)

2,6%

[Innlánssafn](#)

2,0%

[Húsnæðissafn](#)

2,2%

0 0.5 1 1.5 2 2.5 3 3.5 4 4.5

PRÓSENTIUR

# Daglegt gengi í yfir aldarfjórðung



Skoða gengi fyrir: 04.04.2024



SÆKJA

Blönduð söfn	Gengi		Nafnávöxtun (%)					
	Sveiflur	Gengi	Frá áram.	1 ár	3 ár	5 ár	10 ár	Frá stofnun
<a href="#">Samtryggingarsjóður</a>	<div style="width: 100%; height: 10px; background-color: #0070C0;"></div>	7.127,1	4,2	11,6	7,5	8,7	8,4	7,4**
<a href="#">Ævisafn I</a>	<div style="width: 100%; height: 10px; background-color: #0070C0;"></div>	6.492,9	4,6	13,0	8,6	10,5	9,2	7,5
<a href="#">Ævisafn II</a>	<div style="width: 100%; height: 10px; background-color: #0070C0;"></div>	7.298,2	4,2	11,8	7,8	9,2	8,6	7,9*
<a href="#">Ævisafn III</a>	<div style="width: 100%; height: 10px; background-color: #0070C0;"></div>	4.942,5	3,4	9,8	7,4	7,4	6,9	6,4

Ríkissöfn	Gengi		Nafnávöxtun (%)					
	Sveiflur	Gengi	Frá áram.	1 ár	3 ár	5 ár	10 ár	Frá stofnun
<a href="#">Ríkissafn</a>	<div style="width: 100%; height: 10px; background-color: #0070C0;"></div>	2.717,0	2,6	6,7	3,9	4,3	5,7	6,9


  

Önnur söfn	Gengi		Nafnávöxtun (%)					
	Sveiflur	Gengi	Frá áram.	1 ár	3 ár	5 ár	10 ár	Frá stofnun
<a href="#">Innlánasafn</a>	<div style="width: 100%; height: 10px; background-color: #0070C0;"></div>	2.600,4	2,1	7,6	8,0	6,4	5,2	6,4
<a href="#">Húsnæðissafn</a>	<div style="width: 100%; height: 10px; background-color: #0070C0;"></div>	1.531,6	2,2	7,7	7,2	6,3		5,9

Tímabil: 04.04.2023 - 04.04.2024



SÆKJA



# Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál





# Endurskoðun samþykktá 2024

**Tillögur fyrir ársfund**





# Tillögur að breytingum á samþykktum

## Breytingar í hnotskurn

- 11. gr.
  - Orðalagsbreyting. Verðbréfasöfnum breytt í ávöxtunarleiðir.
- 24. gr.
  - Orðalagsbreyting. Stjórn samtryggingarsjóðs breytt í stjórn sjóðsins.
- 26. gr.
  - Samræming á orðalagi lífeyrissjóðslaga og samþykta.
  - Heimilt að birta rafræn yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur og upplýsingar um lífeyrisréttindi rafrænt á sjóðfélagavef, í stað bréfsendinga.
  - Heimilt að senda mikilvægar upplýsingar með rafrænum hætti til sjóðfélaga.
- 6. gr.
  - Breytingar á ársreikningalögum, samræming lagatexta og samþykta.
  - Tveir óháðir nefndarmenn skulu tilnefndir af ársfundi og formaður skal vera óháður.
- 7. gr.
  - Kosning í endurskoðunarnefnd bætist við dagskrá ársfundar.

# 11. gr. Breytingar á orðalagi um ávöxtunarleiðir í samþykktum

## Núverandi ákvæði

- **11. grein. Verðbréfasöfn**
- **11.1.** Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í aldurstengdum verðbréfasöfnum sem eru Ævisafn I, Ævisafn II og Ævisafn III. Sjóðnum er heimilt að bjóða upp á fleiri ávöxtunarleiðir og skal móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við grein 9.1 um fjárfestingarheimildir.
- **11.2** Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum verðbréfasöfnum eða valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra milli verðbréfasafna eftir aldri. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa án kostnaðar úr Ævisafni I í Ævisafn II í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 45 til 48 ára og síðan úr Ævisafni II í Ævisafn III í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 57 til 60 ára. Löggjöld sem berast eftir að flutningur milli ævisafna er hafinn greiðast í það ævisafn sem inneign flyst í. Þeir sem ekki velja sér verðbréfasafn ávaxta inneign sína samkvæmt Ævileiðinni. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.
- **11.3** Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Flutningur inneignar milli verðbréfasafna skal framkvæmdur í lok mánaðar eftir að beiðni berst, hvort sem um er að ræða flutning í einu lagi eða áföngum. Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða og greiðist kostnaðurinn að jöfnu í söfn sem flutt er úr og í. Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað sem birtur er í verðskrá á heimasíðu sjóðsins.

## Tillaga að breytingu

- **11. grein. Ávöxtunarleiðir**
- **11.1.** Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í aldurstengdum **ávöxtunarleiðum** sem eru Ævisafn I, Ævisafn II og Ævisafn III. Sjóðnum er heimilt að bjóða upp á fleiri ávöxtunarleiðir og skal móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við grein 9.1 um fjárfestingarheimildir.
- **11.2** Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum **ávöxtunarleiða** eða valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra milli **Ævisafna I-III** eftir aldri. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa án kostnaðar úr Ævisafni I í Ævisafn II í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 45 til 48 ára og síðan úr Ævisafni II í Ævisafn III í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 57 til 60 ára. Löggjöld sem berast eftir að flutningur milli ævisafna er hafinn greiðast í það ævisafn sem inneign flyst í. Þeir sem ekki velja sér **ávöxtunarleið** ávaxta inneign sína samkvæmt Ævileiðinni. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.
- **11.3** Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli **ávöxtunarleiða** í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Flutningur inneignar milli **ávöxtunarleiða** skal framkvæmdur í lok mánaðar eftir að beiðni berst, hvort sem um er að ræða flutning í einu lagi eða áföngum. Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða og greiðist kostnaðurinn að jöfnu í söfn sem flutt er úr og í. Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað sem birtur er í verðskrá á heimasíðu sjóðsins.

# 24. gr. Breytingar á orðalagi um stjórn sjóðsins

## Núverandi ákvæði

### - 24. grein. Tryggingafræðileg athugun

- 24.1 Árlega skal stjórn samtryggingarsjóðs fá óháðan tryggingafræðing til þess að reikna fjárhag samtryggingarsjóðsins og semja skýrslu um athugunina samræmi við ákvæði 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri frávik eru á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samtryggingarsjóðsins en kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 skal sjóðurinn bregðast við og gera nauðsynlegar breytingar, eins og þar greinir.

Tryggingafræðingur sjóðsins skal gera tillögur til stjórnar samtryggingarsjóðs um nýjar réttindatöflur, þ.m.t. iðgjald til lágmarkstryggingaverndar, að teknu tilliti til framtíðarstöðu sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegri athugun. Hann skal jafnframt gera tillögur til stjórnar um nýjar réttindatöflur þegar núvirði iðgjalda, sem renna til lífeyrisréttinda samkvæmt aldursháðri réttindatöflu, verður meira en 5% umfram eða undir núvirði aldursháðra framtíðarréttinda.

Stjórn samtryggingarsjóðs er heimil breyting á réttindatöflum samkvæmt tillögu tryggingafræðings, eins og að framan greinir, og skal ákvörðun stjórnar þar að lútandi kynnt á næsta ársfundi sjóðsins.

## Tillaga að breytingu

### - 24. grein. Tryggingafræðileg athugun

- 24.1 Árlega skal stjórn **sjóðsins** fá óháðan tryggingafræðing til þess að reikna fjárhag **samtryggingarsjóðs** og semja skýrslu um athugunina samræmi við ákvæði 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri frávik eru á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samtryggingarsjóðsins en kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 skal sjóðurinn bregðast við og gera nauðsynlegar breytingar, eins og þar greinir.

Tryggingafræðingur sjóðsins skal gera tillögur til stjórnar **lífeyrissjóðsins** um nýjar réttindatöflur, þ.m.t. iðgjald til lágmarkstryggingaverndar, að teknu tilliti til framtíðarstöðu sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegri athugun. Hann skal jafnframt gera tillögur til stjórnar um nýjar réttindatöflur þegar núvirði iðgjalda, sem renna til lífeyrisréttinda samkvæmt aldursháðri réttindatöflu, verður meira en 5% umfram eða undir núvirði aldursháðra framtíðarréttinda.

Stjórn **sjóðsins** er heimil breyting á réttindatöflum samkvæmt tillögu tryggingafræðings, eins og að framan greinir, og skal ákvörðun stjórnar þar að lútandi kynnt á næsta ársfundi sjóðsins.



# 26. gr. Tilkynningar til sjóðfélaga og upplýsingaskylda

## Núverandi ákvæði

### 26. grein. Upplýsingaskylda

- 26.1.** Lífeyrissjóðurinn skal samhliða greiðslufirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum.
- 26.2.** Lífeyrissjóðurinn skal senda sjóðfélögum yfirlitum iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum
- 26.3.** Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum sem um getur í greinum 26.1. og 26.2. með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því, eða ef lagaheimild er fyrir slíkum skilum.

## Tillaga að breytingu

### 26. grein. Upplýsingaskylda

- 26.1.** Lífeyrissjóðurinn skal samhliða greiðslufirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. **Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Lífeyrissjóðurinn skal veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu lífeyrissjóðsins.**
- 26.2.** Lífeyrissjóðurinn skal senda sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.
- 26.3.** Lífeyrissjóðurinn birtir upplýsingar sem um getur í greinum 26.1. og 26.2. með rafrænum hætti til sjóðfélaga. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitunum bréfleiðis óski sjóðfélagi sérstaklega eftir því.
- 26.4.** Lífeyrissjóðnum er heimilt að senda sjóðfélögum með rafrænum hætti, bæði í gegnum sjóðfélagavef og með tölvupósti, mikilvægar upplýsingar um hagsmuni sjóðfélaga hjá sjóðnum, svo sem um ársfund, stjórnarkjör eða réttindi og inneign.

## 6.5. gr. um endurskoðunarnefnd

### Núverandi ákvæði

- 6.5 Stjórn sjóðsins skal á fyrsta fundi sínum eftir ársfund skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd og einn varamann til eins árs í samræmi við 108. gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Endurskoðunarnefndin leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- 2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- 3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- 4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- 5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

### Tillaga að breytingu

- 6.5 **Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur mönnum, þ.e. tveimur utanaðkomandi tilnefndum af ársfundi og einum skipuðum af stjórn í samræmi við 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Formaður nefndarinnar skal vera óháður sjóðnum og skipaður af stjórn.**

Endurskoðunarnefndin leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila **og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði reikningsskilanna, þ.m.t. heilindi upplýsinga í skýrslu stjórnar.**
- 2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- 3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- 4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- 5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.



## 7.3. gr. Boðun ársfundar (Endurskoðunarnefnd)

### Núverandi ákvæði

7.3. Á ársfundi skal stjórn Almenna lífeyrissjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Þá skulu á ársfundi kjörnir þeir trúnaðarmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í samþykktum þessum. Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir.

- 1. Skýrsla stjórnar.
- 2. Staðfesting ársreiknings liðins starfsárs og kynning á tryggingafræðilegu uppgjöri samtryggingarsjóðs.
- 3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
- 4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, ef þær liggja fyrir sbr. 8. gr.
- 5. Kosning stjórnar.
- 6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
- 7. Ákvörðun um laun stjórnar.
- 8. Önnur mál.

### Tillaga að breytingu

7.3. Á ársfundi skal stjórn Almenna lífeyrissjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Þá skulu á ársfundi kjörnir þeir trúnaðarmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í samþykktum þessum. Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir.

- 1. Skýrsla stjórnar.
- 2. Staðfesting ársreiknings liðins starfsárs og kynning á tryggingafræðilegu uppgjöri samtryggingarsjóðs.
- 3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
- 4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, ef þær liggja fyrir sbr. 8. gr.
- 5. Kosning stjórnar.
- **6. Kosning í endurskoðunarnefnd.**
- 7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
- 8. Ákvörðun um laun stjórnar.
- 9. Önnur mál.



# Tillögur frá sjóðfélaga

## Kristófer Már Maronsson







# 2. mgr. 5.1. gr. um stjórnarkjör og laus stjórnarsæti

## Núverandi ákvæði

- 5.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.  
  
Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.  
  
Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund og einn til vara. Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.  
  
Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.  
  
Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir til stjórnar og njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri sjóðsins. Viðmiðunardagur fyrir kjörgengi eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktum þessum.  
  
Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.  
  
Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1., 2. og 3. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.  
  
Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.  
  
Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

## Tillaga að breytingu

- 5.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.  
  
Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.  
  
Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund og einn til vara. **Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.**  
  
Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.  
  
Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir til stjórnar og njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri sjóðsins. Viðmiðunardagur fyrir kjörgengi eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktum þessum.  
  
Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.  
  
Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1., 2. og 3. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.  
  
Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.  
  
Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

# 2. mgr. 5.1. gr. um stjórnarkjör og laus stjórnarsæti



## Rökstuðningur

- Lagt er til að hægt sé að bjóða sig fram til stjórnar óháð því hvort tiltekin laus stjórnarsæti séu eyrnamerkt kyni.
- 7. mgr. 5.1 gr. tekur á því að niðurstaða stjórnarkjörs ræðst m.a. af skilyrðum 1. mgr. um tiltekin fjölda hvors kyns í stjórn og því ekki nauðsynlegt að kjósa sérstaklega um stjórnarsæti kynjaskipt.
- Sjóðfélagar fá þá að kjósa þá stjórnarmenn sem þeir helst vilja sjá í stjórn og geta sett alla sína inneign á tvo stjórnarmenn af sama kyni þó niðurstöður kveði á um að stjórnarsæti skulu vera eitt fyrir hvort kyn.
- Það getur haft áhrif á úrslit kosninga ef sjóðfélagi kys fyrst aðila sem ekki nær góðum árangri en hitt atkvæðið fer til aðila sem hefði að öllu jöfnu hlotið 2. sæti, en gæti farið upp í fyrsta sæti vegna þessa.

### - Dæmi:

- Tvö sæti eru laus í kjöri til aðalstjórnar, eitt skal skipað konu, eitt karli.

#### Núverandi fyrirkomulag

- Tveir kjörseðlar, einn fyrir konusætið og annar fyrir karlasætið
- Sjóðfélagar kjósa eina konu og einn karl sem fá bæði alla inneign

#### Tillaga

- Einn kjörseðill með öllum frambjóðendum óháð kyni
- Sjóðfélagar geta valið tvo frambjóðendur og eru ekki skyldugir að velja eina konu og einn karl
- Þannig getur sjóðfélagi kosið tvær konur, þó aðeins eitt sæti kvenna sé laust. Báðar fá alla inneign
- Atkvæðahæsta konan og atkvæðahæsti karlinn hljóta sætin tvö

## 2. mgr. 5.1. gr. um stjórnarkjör og laus stjórnarsæti



### Núverandi ákvæði

- 5.1. Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

### Tillaga að breytingu

- 5.1. **Stjórnarmenn skulu kosnir með blandaðri kosningu atkvæðafjölda og inneignar og vegur hvor þáttur helming. Ef kjósa á einn stjórnarmann fer öll inneign og eitt atkvæði sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans og sitt hvort atkvæðið. Verði niðurstaða jöfn er sá frambjóðandi kjörinn sem hærri inneign fékk.**

# 2. mgr. 5.1. gr. um stjórnarkjör og laus stjórnarsæti



## Rökstuðningur

- Lagt er til að breyta atkvæðavægi í stjórnarkjöri þannig að inneign ein telji ekki einvörðungu heldur fái fjöldi atkvæða sem frambjóðandi hlýtur helmings vægi á móti inneign. Það er ákveðin áhætta fólgin í því að í stjórn veljist einsleitur hópur fólks og má þar líta til margra þátta, þ. á m. til aldurs.
- Nýliðun skiptir máli fyrir rekstur lífeyrissjóða og best er að nýliða ungt fólk. Ungt fólk er líklegra til að kjósa Almenna Lífeyrissjóðinn ef það sér fram á að geta haft áhrif innan sjóðsins umfram það sem gerist í öðrum sjóðum. Ungt fólk á sér fáar fyrirmyndir og málsvara þegar kemur að lífeyrismálum og skýrist það m.a. hjá Almenna Lífeyrissjóðnum af því að atkvæði ungs fólks vega lítið þegar allt kemur til alls. Fjárfestingarstefna sjóðsins hefur meiri áhrif á yngri kynslóðir en þær sem eldri eru, þó atkvæði þeirra sem eldri eru geti talið tugfalt á við atkvæði yngra fólks. Tiltölulega fáir sjóðfélagar sem hlutfall af heild hafa tekið þátt í lýðræðislegri kosningu undanfarin ár og ræðst það að einhverju leyti að því að atkvæði þeirra hafa lítið vægi og áhugi á lífeyrismálum er lítill.
  - Dæmi um niðurstöður úr stjórnarkjöri með breytingu:
  - Frambjóðandi A hlýtur 40% inneignar og 15% atkvæða og er hans niðurstaða þá 27,5% ( $40\% \cdot 0,5 + 15\% \cdot 0,5$ ).
  - Frambjóðandi B hlýtur 10% inneignar en 45% atkvæða og er hans niðurstaða þá 27,5%.
- Þar sem niðurstaða frambjóðenda A og B er jöfn hlýtur frambjóðandi A kjör á þeim grundvelli að hann hafði meiri inneign á bakvið sig en frambjóðandi B.

# Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

# Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

# Kosning í endurskoðunarnefnd



Tillaga um eftirtalda tvo óháða aðila í endurskoðunarnefnd árið 2024-2025.

- Helga Harðardóttir, löggiltur endurskoðandi
- Eiríkur Þorbjörnsson, deildarstjóri hjá Verkís

# Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál





# Kosning endurskoðunarfélags

- Samkvæmt grein 6.2 í samþykktum sjóðsins skal ársfundur kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða ársreikning lífeyrissjóðsins. Tillögum um endurskoðunarfélag skal skila viku fyrir ársfund
- Samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar leggur stjórn sjóðsins til að Deloitte ehf. verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins
- Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Deloitte ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2024

# Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



# Tillaga starfskjaranefndar um stjórnarlaun 2024-2025

- Mánaðarlaun stjórnarmanns verði 235 þúsund krónur á mánuði vegna komandi starfsárs
- Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun
- Stjórnarmenn fá auk þess greitt sérstaklega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern fund utan reglubundna fundi samkvæmt starfsætlun stjórnar en þó að hámarki þrjá fundi á ári. Með aukafundum er átt við sérstaka vinnufundi stjórnar og fundi stjórnar án starfsmanna.
- Stjórnarmaður sem stenst hæfismat hjá Fjármálaeftirliti fær greidd 2 mánaðarlaun stjórnarmanns
- Laun varamanns fyrir setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 235 þúsund og 188 þúsund krónur fyrir setinn fund sem varamaður (80% af launum aðalmanns)
- Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmanna
- Laun til undirnefnda stjórnar (endurskoðunarnefnd, kjörnefnd) taki mið af launum stjórnar og nemi hálfum stjórnarlaunum eða 117.500 krónur á mánuði til almennra nefndarmanna og 235 þúsund krónur á mánuði fyrir formenn

Með þeirri hækkun sem lögð er til að verði á launum stjórnarmanna er brugðist við hækkun launavísitölu samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands eins og gert hefur verið á liðnum árum en vísitalan hefur hækkað um 9,8% á milli ára.

# Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar  
**Sigríður Magnúsdóttir**, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2023 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs  
**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu  
**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins  
**Helgi Pétur Magnússon**, lögmaður sjóðsins / **Kristófer Már Maronsson**, sjóðfélagi
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs  
**Ólafur Jónsson**, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Ljósmynd: Helga Indriðadóttir